



Eftirfarandi skilmálar eru í gildi á núverandi deiliskipulagi



Deiliskipulagssvæðið er stækkað til austurs og tvær nýjar lóðir (D og E) gerðar á svæði sem skilgreint er í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 sem ÍB6. Lóð C er á reit S19 er minnkuð talsvert vegna staðarháttá, klappinnar verða opið svæði. Byggingarreitir ásamt skilmálum skilgreindir fyrir lóðir C, D og E.

Lóð C: Á lóð C er gert ráð fyrir skrifstofuhúsnæði þekkingarvörður. Leyfilegt byggingarmagn er 8.600m² á allt að fjórum hæðum. Gert er ráð fyrir 1 bílastæði á hverja 75m².


Lóð D: Hér verða stúdentagarðar á allt að fimm hæðum ásamt kjallara. Leyfilegt byggingarmagn er 5.200m². Kvóð um gönguleið er í gegnum lóðina, staðsetning er frjáls á milli austur og vestur horna lóðarinnar. Kvóð um djúpgáma, til samræmis við reglur Akureyrarbæjar þar um, staðsetning á uppdrætti er leiðbeinandi. Gert er ráð fyrir tvennskonar stúdentagöðum. Í öðru húsinu er gert ráð fyrir 6 kjörnum, hver og einn með 9 einstaklingsherbergjum og sameiginlegu eldhúsi o.fl. Gert er ráð fyrir 1 bílastæði á hver 3 herbergi. Gert er ráð fyrir hjólageymslu í kjallara. Í hinu húsinu er gert ráð fyrir 10 stúdíó og 20 tveggja herbergja íbúðir. Gert er ráð fyrir 1 bílastæði á hverja 1,5 íbúð. Gert er ráð fyrir hjólageymslu í kjallara.

Lóð E: Hér verða stúdentagarðar á allt að fimm hæðum ásamt kjallara. Leyfilegt byggingarmagn er 2.400m². Kvóð um djúpgáma, til samræmis við reglur Akureyrarbæjar þar um, staðsetning á uppdrætti er leiðbeinandi. Í húsinu er gert ráð fyrir 10 stúdíó og 20 tveggja herbergja íbúðir. Gert er ráð fyrri 1 bílastæði á hverja 1,5 íbúð. Gert er ráð fyrir hjólageymslu í kjallara.

Breytingar eftir athugasemdir eru eftirfarandi: Svæði fyrir djúpgáma bætt við á lóð D og E. Skýringarsnið sýnd sem 5. hæða.



Úr aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030



Deiliskipulag þetta hefur hlotið málsmeðferð í samræmi við 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og samþykkt af skipulagsráði Akureyrarbæjar þann _____

Bæjarstjóri

Deiliskipulagið óðaðist gildi við auglýsingu um samþykkt þess í B-deild stjórnartíðinda þann _____

Verkhetti: **Stúdentagarðar Akureyrri**


Akureyrri

Verkhliut: **Deiliskipulagbreyting**

Mælikvarði: 1 : 1000 Yfirfarið: JH

Teiknað af: HS Verknúmer: 24-072

Dagsetning: 30.10.2024 Teikninganúmer: --



Tillögur að breytingum á deiliskipulaginu

Lóð D: Leyfilegt byggingarmagn stúdentagarðanna er 7.400m².

Hér verða stúdentagarðar í þremur byggingum auk hjólageymslur.

Í aðalbyggingunni er gert ráð fyrir 64 einstaklingsherbergjum í 8 kjörnum, hver og einn með 8 einstaklingsherbergjum og sameiginlegu eldhúsi o.fl. Einnig er gert ráð fyrir 3 tveggja herbergja íbúðum. Alls 67 íbúðir. Í aðalbyggingunni er einnig gert ráð fyrir skrifstofum og geymslu FÉSTA ásamt sameiginlegum þjónusturýmum fyrir allar byggingarnar þrjár.

Í hinum tveim byggingunum er gert ráð fyrir 30 íbúðum í hvorri byggingunni með bæði stúdíó- og tveggja herbergja íbúðum eða alls 60 íbúðir.

Heildarfjöldi íbúða innan lóðar er 127 stk.

Hámarksflatarmál bygginga er 17,5m auk kjallara.

Lágmarksfjöldi bílastæða innan lóðar er 1 bílastæði á hverjar 5 íbúðareiningar og gildir það ákvæði aðeins fyrir stúdentagarða. Bílastæði fyrir starfssemi FÉSTA skulu vera 4 stk þar af 2 fyrir hreyfihlaða. Verði breyting á búsetuformi innan lóðarinnar sem felur í sér að íbúðirnar verði ekki nýttar sem stúdentagarðar, gildir krafa um lágmarks bílastæðafjölda 1 bílastæði á hverja 1.5 íbúðareiningu. Við hönnun og útfærslu á bílastæðum fyrir stúdentagarða innan lóðarinnar skal gert ráð fyrir rými fyrir 1 bílastæði á hverja 1.5 íbúðareiningu.

Forsendur fyrir stærð hjólageymslu eru að hún rúmi 1 hjólastæði per einstaklingsherbergi og stúdíói en 2 hjólastæði fyrir hverja tveggja herbergja íbúð. Hjólageymslur geta verið með tvöfaldan hjólaekka á hæð og ákvarðar sú rýmiskrafa hæð hjólageymslanna.

Lóð E: Gert er ráð fyrir 30 íbúðum með bæði stúdíó- og tveggja herbergja íbúðum auk hjólageymslu.

Lágmarksfjöldi bílastæða innan lóðar er 1 bílastæði á hverjar 5 íbúðareiningar og gildir það ákvæði aðeins fyrir stúdentagarða. Verði breyting á búsetuformi innan lóðarinnar sem felur í sér að íbúðirnar verði ekki nýttar sem stúdentagarðar, gildir krafa um lágmarks bílastæðafjölda 1 bílastæði á hverja 1.5 íbúðareiningu. Við hönnun og útfærslu á bílastæðum fyrir stúdentagarða innan lóðarinnar skal gert ráð fyrir rými fyrir 1 bílastæði á hverja 1.5 íbúðareiningu.

Forsendur fyrir stærð hjólageymslu eru að hún rúmi 1 hjólastæði per einstaklingsherbergi og stúdíói en 2 hjólastæði fyrir hverja tveggja herbergja íbúð. Hjólageymslur geta verið með tvöfaldan hjólaekka á hæð og ákvarðar sú rýmiskrafa hæð hjólageymslanna.

Að öðru leyti gilda fyrri skilmálar.